

Skýrsla starfshóps



um eflingu svínaræktar
og innlendrar kjarnfóðurframleiðslu

Febrúar 2010

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	3
	Skipun starfshópsins.	3
	Starfshópurinn var þannig skipaður.	3
	Fundir starfshópsins.	3
2.	Stutt yfirlit um svínarækt á Íslandi.	4
3.	Nokkrar kennitölur úr Svínarækt	5
4.	Aukin sjálfbærni í fóðrun.	9
	Kolvetni:	9
	Fita:	10
	Prótein:	10
	Innlendar rannsóknir:	11
5.	Aðbúnaður og velferð svína	12
6.	Svínarækt í sátt við umhverfið	14
7.	Horft til framtíðar	17
8.	Niðurstöður	19

1. Inngangur

Skipun starfshópsins.

Þann 8. október 2009 skipaði Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, starfshóp sem hafði það að verkefni að kanna og leggja fram tillögur um hvernig efla megi svínarækt á Íslandi með sérstöku tilliti til íslenskra aðstæðna hvað varðar fæðuöryggi, fóðuröflun og umhverfissjónarmið.

Starfshópurinn var þannig skipaður.

Björn Halldórsson bóndi, Akri, formaður, skipaður af ráðherra.
Guðbrandur Brynjúlfsson, bóndi, Brúarlandi og
Hörður Harðarson, bóndi, Laxárdal, tilnefndir af Svínaræktarfélagi Íslands,
Björn Steinbjörnsson, dýralæknir, tilnefndur af Matvælastofnun og
Grétar Hrafn Harðarson, dýralæknir, tilnefndur af Landbúnaðarháskóla Íslands.

Niels Árni Lund, skrifstofustjóri í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu var starfsmaður starfshópsins.

Fundir starfshópsins.

Vegna smíthættu á svínainflúensu var ákveðið að fresta fundum nefndarinnar þar til mesta hættan var talin liðin hjá.

Fyrsti fundur starfshópsins var haldinn 13. nóvember. Starfshópurinn aflaði sér víða upplýsinga og skiptu menn með sér verkum að skrifa drög að einstaka köflum um það efni sem hver þeirra var sérfróðastur um. Drögin voru síðan rædd og afgreidd á fundum starfshópsins og mótuðust tillögur jafn harðan við þá vinnu.

Meginkaflar skýrslunnar eru eftirfarandi:

1. Inngangur.
2. Stutt yfirlit um svínarækt á Íslandi.
3. Nokkrar kennitölur úr svínarækt.
4. Aukin sjálfbærni í fóðrun.
5. Aðbúnaður og velferð svína.
6. Svínarækt í sátt við umhverfið.
7. Horft til framtíðar.
8. Niðurstöður.

Samtals hélt starfshópurinn fimm bókaða fundi; 13. nóvember, 4. desember 2009, 8. og 22. janúar, 4. og 12. febrúar 2010, sem allir sátu.

Með skýrslu þessari lýkur starfshópurinn starfi því sem ráðherra fól honum þann 8. október 2009 sem var að kanna og leggja fram tillögur um hvernig megi efla svínarækt á Íslandi með sérstöku tilliti til íslenskra aðstæðna hvað varðar fæðuöryggi, fóðuröflun og umhverfissjónarmið.

2. Stutt yfirlit um svínarækt á Íslandi.

Talið er víst að landnámsmenn hafi flutt með sér svín er þeir komu til landsins og svínakjöt hafi verið ein aðal fæða landsmanna í þann tíð, m.a. vegna mikillar frjósemi dýranna. Benda má á örnefni sem vitna um að svín hafi komið við sögu s.s. Galtafell, Svínafell og Sýrfell. Svín landnámsmanna hafa að öllum líkindum gengið úti með öðrum búpeningi enda landið þá vel gróið fjölbreyttum plöntum og korn ræktað. Þegar kólna tók í veðri, gróður hopaði og kornrækt dróst saman, bitnaði það á svínaræktinni sem lagðist af sem slík í lok 16. aldar. Upp úr miðri 19. öld hófst svínarækt aftur í litlum mæli, m.a. með það að markmiði að auka fjölbreytni í mat og atvinnulífi. Til ræktunarinnar voru flutt svín frá Danmörku og öðrum nágrannalöndum okkar, en erfiðlega gekk að treysta undirstöðu greinarinnar, svínabúin ekki mörg og lífdýrin fá.


„Árið 1932 voru 138 svín á Íslandi, en síðan tók þeim að fjölga nokkuð og leituðust þeir sem stunduðu svínarækt við að hirða matarleifar frá veitingastöðum, brauðgerðum og sjúkrahúsum sem fóður fyrir svínin til að spara sér kaup á fóðri. Á árum síðari heimsstyrjaldarinnar, féll mikið til af matarleifum frá breska og bandaríska hernum, sem dvaldist hér, og fjölgaði svínum töluvert í kjölfarið. Eftir stríð dró aftur úr svínabúskap og það er ekki fyrir en á allra síðustu árum sem hann hefur eflst verulega og æ fleiri Íslendingar borða svínakjöt, jafnt hversdags sem til hátíðabrigða.” (Svínarækt á Íslandi: Svínaræktarfélag Íslands; kynningarbæklingur.)

Svínaræktarfélag Íslands var stofnað 1976 og hefur frá upphafi haft það að markmiði að vinna að hagsmunamálum svínabænda. Eitt af aðalverkefnum þess hefur verið að fá flutt til landsins erfðaefni til kynbóta með reglubundnum hætti.


„Þegar komið var fram á 20. öld hófst markviss ræktun svínastofnsins. Flutt voru inn svín af svokölluðu dönsku landkyni og af breskum kynjum til blöndunar við þann stofn sem fyrir var. Stærsta framfaraskrefið í svínarækt á Íslandi var tekið 1994 þegar Svínaræktarfélag Íslands stóð að stofnun einangrunarstöðvar fyrir svín í Hrísey í Eyjafirði. Innflutningur hófst sama ár og var norskum gyltum komið í sóttvarnareinangrun í Hrísey, en síðan kynbótagripum dreift þaðan til svínabænda á árunum 1995-1996. Þar með hófust skipulegar kynbætur á íslensku svínunum með nýju erfðaefni sem fólust í því að svínabændur ólu sláturgrísi, sem voru blendingar úr íslensku og norsku svínunum. Þessar markvissu kynbætur hafa skilað gríðarlegum árangri. Vöxturinn er hraðari og kjötgæði hafa aukist.” (Svínarækt á Íslandi: Svínaræktarfélag Íslands; kynningarbæklingur).

3. Nokkrar kennitölur úr Svínarækt


	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Fjöldi framleiðenda		58	54	36	32	23	25	21	22	18	17	19	17




	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Innvegin tonn til vinnslustöðva				4.783	5.218	6.275	6.205	5.597	5.300	5.744	6.088	6.645	6.374



	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Kjarnfóðurnokun innl. framl.				19.132	22.106	30.991	24.423	25.203	24.174	24.906	24.409		
Kjarnfóðurnotkun erl. framl.				476	485	1.827	4.375	837	738	638	804		




	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Meðalafurðir grís/gyltu stk.	18	17	18	17	16	18	20	19	19	18	18	20	22
Fjöldi starfandi í búgrein		101	106	106	101	111	99	82	83				
Fjöldi framleiðenda		58	54	36	32	23	25	21	22	18	17	19	17




	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Skilaverð til svínabænda				206	226	196	147	201	243	279	299	330	282


Skilaverð til svínabænda




Vísitölur janúar 2007 - desember 2009



Skipting kjötvísitölunnar mars 2009



Vísitala fóðurverðs og skilaverðs til bænda



4. Aukin sjálfbærni í fóðrun.

Árið 2009 voru framleidd 6.374.000 kg svínakjöts á Íslandi. Til þessarar framleiðslu þarf tæplega 27.000 tonn af fóðri. Samkvæmt upplýsingum fóðurframleiðenda og svínabænda er líklegur hlutur hráefna eins og kemur fram í töflu 1.

1. tafla. Hráefni í fóðri svína.

	Tonn	Hlutfall
Hveiti	11.150	41,6
Bygg	9.600	35,8
Sojamjöl	4.500	16,8
Fiskimjöl	650	2,4
Fita / olía	142	0,53
Vítamínblanda	730	2,7
Annað	120	0,45
Samtals	26.892	100

Kolvetni:

Notkun korns til fóðurs búfjár var alls 68.000 tonn á árinu 2008 (tafla 2). Alls voru 53.000 tonn flutt inn, eða um 80% heildarnotkunar. Mest var flutt inn af maís og hveiti.

2. tafla. Skipting kornnotkunar árið 2008 eftir tegundum og uppruna. (Intellecta ehf. Kornrækt á Íslandi)

	Tonn	Hlutfall
Maís	21.601	32
Hveiti	19.684	28
Bygg – innlent	15.000	22
Bygg – innflutt	11.601	17
Annað	437	1
Samtals	68.323	100

Í febrúar 2009 kom út á vegum SLR skýrslan „Kornrækt á Íslandi – tækifæri til framtíðar“, unnin af Intellecta ehf. Þrátt fyrir bjarta mynd sem dregin er upp af kornrækt á Íslandi er ekki gert ráð fyrir aukinni hlutdeild byggs í fóðri svína í skýrslunni. Það er hins vegar álit nefndarinnar að hægt sé að stórefla hlutdeild byggs og þar með íslensks korns í fóðri svína. Í mörgum löndum er löng hefð fyrir því að bygg sé megin uppistaðan í fóðri svína. Bygg er fyrst og fremst góður orku- eða kolvetnagjafi. Próteininnihald er hins vegar býsna breytilegt og gæði þess eru lítil þ.e. óhagstæð amínósýru samsetning og sérstaklega lágt í nauðsynlegum amínósýrum eins og lysine. Steinefna- og vítamíninnihald er einnig í litlum takti við þarfir dýranna. Tæplega 80% af fóðri svína eða um 21.000 tonn er korn sem skiptist nokkuð jafnt milli hveitis og byggs. Áætlað er að innlent bygg notað í svínafóður í dag sé um 1000-2000 tonn. Þessa tölu er hægt að hækka í allt að 20.000 tonn svo framarlega sem gæði íslensks byggs séu viðunandi.

Kornrækt hefur vaxið gríðarlega síðustu 15 ár. Þar kemur einkum þrennt til, í fyrsta lagi hefur tíðarfar orðið hagstæðara, kynbótum hefur fleygt fram og í þriðja lagi hefur þróun verðs á innfluttri kornvöru ýtt undir aukna ræktun. Þrátt fyrir bætt skilyrði eru gæði framleiðslunnar mjög breytileg. Þetta sést greinilega í töflu 3 sem sýnir yfirlit um efnainnihald byggs sem komið hefur til efnagreininga á Lbhí.

3. tafla. Efnainnihald íslensks byggs (Tryggvi Eiríksson óbirtar niðurstöður).

		Meðaltal	Hámark	Lágmark	Fjöldi gr.
Protein	g/kg þe	124,86	188,00	78,00	87
Fita	-	22,78	26,24	18,19	13
Hrátréni	-	62,72	84,50	36,60	27
Aska	-	32,10	57,32	23,70	48
Ca	% í þe	0,051	0,084	0,038	15
P	-	0,344	0,440	0,262	15
Mg	-	0,130	0,182	0,101	15
K	-	0,654	0,878	0,410	14
Na	-	0,043	0,084	0,011	15

Helstu þættir sem hafa áhrif efnainnihald byggs eru þroskastig kornsins þegar það er slegið og einnig hafa yrkin nokkur áhrif. Verkun og geymsla hefur líka áhrif á gæði, verðmyndun og hollustu kornsins. Það er ekki hlutverk þessarar nefndar að fjalla um kosti og galla hinna ýmsu möguleika, en nefndin vill hins vegar leggja áherslu á að allar helstu verkunaraðferðir, þurrkun, sýring með própíónsýru eða súrsun með mjólkursýruglerlum, koma til greina við fóðrun svína. Þar þarf að meta aðstæður á hverjum stað og á hverjum tíma.

Meltingarfæri svína, ef frá eru taldir fyrstu fimm vikurnar hjá grísum ráða vel við bygg. Á fyrstu vikunum miðast framleiðsla meltingarhvata við mjólkurfóðrun. Þar sem aldur grísa við fráfarur hefur farið lækkandi þarf að taka tillit til þroska meltingarfæranna við val á fóðurefnum. Þannig hentar bygg sem er ríkt af sterkju ekki í fóður fyrr en framleiðsla amylasa, hvatans sem brýtur niður sterkju, hefur aukist.

Fita:

Löng hefð er fyrir því að nota fitu í fóður svína. Á Íslandi hefur lýsi, dýrafita og sojaolía einkum verið notaðar. Fita eykur orkustyrk fóðurs og bætir fóðurnýtingu, en getur haft, háð eiginleikum fitunnar, neikvæð áhrif á gæði afurðanna bæði hvað varðar vefjahlutföll, bragð og áferð. Mikið magn fitu „fellur til“ á Íslandi bæði í sjávarútvegi og landbúnaði. Líklegt er að fita í föðri íslenskra svína sé a.m.k. um 140-160 tonn á ári og að mestu leyti innlend framleiðsla. Hægt væri að auka þennan þátt verulega þar sem fitan má vera allt að 5-7% af föðri svína eða í 1500 tonn miðað við núverandi framleiðslu.

Prótein:

Svín eru í eðli sínu hraðvaxta dýr og þurfa þess vegna hátt hlutfall próteins í föðri. Algengt er að próteinhlutfall sé um 17-20%. Hlutfallið segir þó ekki allt því próteinið þarf að innihalda

amínósýrur í réttum hlutföllum við þarfir og nægjanlegt magn af „nauðsynlegum“ amínósýrum þ.e. ca. 10 amínósýrur sem líkaminn getur ekki myndað. Próteingjafar eru metnir á þessum forsendum – líffræðilegt gildi. Almennt eru prótein úr dýraríkinu með hærri gildi en prótein úr plönturíkinu. Mjólk hefur hæsta gildið 0,95-0,97; fiskimjöl 0,74-0,89; og sojamjöl 0,63-0,76.

Nærtækast fyrir okkur er að nota fiskimjöl, en tvennt kemur í veg fyrir að það sé notað sem eini próteingjafinn, í fyrsta lagi getur fiskimjöl verið óhagkvæmur kostur og í öðru lagi gefur fiskimjöl gefið sláturgrísum, kjötinu óásættanlegt bragð. Algengast er að sojamjöl sé notað sem hluti eða jafnvel eini próteingjafinn í fóðri svína og þá þarf að bæta það með a.m.k. þremur „nauðsynlegum“ amínósýrum. Íslenskir möguleikar á þessu sviði felast fyrst og fremst í því að auka notkun fiskimjöls á kostnað innfluttra próteingjafa.

Innlendar rannsóknir:

Í ljósi þeirrar miklu hlutdeildar svínakjöts á markaði hérlandis er það álit nefndarinnar að hefja þurfi hagnýtar rannsóknir í svínarækt hérlandis ekki síst með það að markmiði að auka hlut innlendra hráefna í fóðri og taka þannig upp þráðinn frá því fyrir aldamót þegar Rannsóknastofnun landbúnaðarins stóð fyrir merkjum rannsóknum á m.a. notkun fitu og fiskimjöls í fóðri svína. Mikilvægt er að rannsaka notkun á íslensku byggi í fóðri svína bæði með tilliti til heilbrigðisþátta dýranna og gæða afurðanna.

5. Aðbúnaður og velferð svína

Svín voru haldin hér á landi frá landnáms tíð og fram til um 1600 að því er talið er. Nú á ræktun alisvína sér meira en 80 ára samfellda sögu. Til að byrja með var fagþekking lítil í greininni. Stofninn var einangraður, erfðaframarir litlar og ýmsar pestir ollu vanhöldum og búsifjum. Sú reynsla kenndi, að smitsjúkdómavarnir og réttur aðbúnaður eru svínaræktinni afar mikilvægar.

Til þess að bæta úr þessum vanköntum hófst innflutningur á erfðaefni, sett var reglugerð um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit á svínabúum (reglugerð nr. 219/1991) og embætti sérgreinadýralæknis í svínasjúkdómum stofnað 1991. Með tilkomu hans urðu miklar framfarir í greininni. Árið 2009 var svo gerð breyting (reglugerð nr. 577/2009 og reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 219/1991 um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit á svínabúum.) á gildandi reglugerð sem komin er til ára sinna. Þar var bætt við ákvæðum um innra eftirlit og aðgerðir til varnar salmonellusmiti á svínabúum.

Nútímasamfélög gera kröfu um sífellt ódýrari matvörur. Með þetta að leiðarljósi þá hefur þróunin í svínarækt undanfarna áratugi bæði hérlandis og erlendis verið sú, að fjölskyldubúum hefur fækkað. Svínabúin hafa þróast úti sífellt stærri einingar. Þar hefur krafan um hámarkshagræðingu og trúin á hámarksarð ráðið ferðinni. Fáar greinar innan landbúnaðarins framleiða t.d. meira magn matvæla sé tekið tillit til starfsmannafjölda en svínaeldi. En krafan um arð og hagræðingu má ekki koma niður á velferð gripanna og hollustu og gæði afurðanna. Með tilkomu stærri búa hafa tengsl milli manns og skepnu líka minnkað, sem bitnað getur á velferð dýranna. Einnig hefur krafan um hámarksafrakstur leitt til þess, að endingartími lífdýranna hefur styst.

Þrátt fyrir hina almennu kröfu um ódýr matvæli er sífellt stærri hópur neytenda sér meðvitaður um mikilvægi dýraverndar og kröfur um góðan aðbúnað dýra sem ætluð eru til manneldis verða æ háværari.

Mjög stórar rekstrareiningar í svínaeldi eru vandamálasæknari en þær minni. Þar má nefna hærri tíðni smitsjúkdóma sem kallar á aukna lyfjanotkun með sífellt breiðvirkari sýklalyfjum, svo dæmi sé tekið. Eitt alvarlegasta vandamál læknavísindanna í dag eru sýkingar fólks af völdum fjölonæmra sýkla sem fúkkalyf vinna ekki á. Talið er að hluta þessa vandamáls megi rekja til misnotkunar á sýklalyfjum í landbúnaði.

Skaplegra er að halda utan um og hafa eftirlit með færri dýrum en fleiri. Auðveldara er að skapa dýrum í smærri rekstrareiningum lífvænlegri aðbúnað heldur en í þeim stærri. Ýmsir smitsjúkdómar eru þess eðlis, að ef þeir koma upp í dýrahjörð, breiðast þeir út eins og eldur í sinu um hjörðina.

Gott dæmi um þetta er svínainflúensan sem kom upp í fyrsta skiptið hérlandis í október 2009. Svínahirðar báru smit inná tvö bú. Innan örfárra daga voru öll svín á búunum orðin veik. Svínainflúensa er frekar vægur sjúkdómur og flokkast undir svokallaðan B-sjúkdóm. Þeir eru tilkynningaskildir og ber dýraeigandi í flestum tilvikum sjálfur tapið.

Dæmið lítur öðruvísi út ef um bráðsmitandi A-sjúkdóm er að ræða. Og ekki bætir úr skák ef sjúkdómurinn smitast á milli manna og dýra. Má þar minna á gin- og klaufaveikina sem kom upp

á Bretlandseyjum um 1990 og olli gífurlegu tjóni. Ef A-sjúkdómur kemur upp, ber ríkisvaldi viðkomandi ríkis að einangra sýktar hjarðir og fyrirskipa niðurskurð. Tjónið lendir á almenningi, því ef tilbært stjórnvald fyrirskipar niðurskurð til varnar heilsu fólks og til að varna frekari útbreiðslu hans, eru stjórnvöld bótaskyld. (17. gr. laga nr. 25/1993.)

Stór svínabú sem staðsett eru nálægt byggð geta ógnað heilsu almennings. Komi upp smitandi veirusjúkdómur á svínabúi, virkar svínahjörðin eins og „veiruverksmiðja“. Svínin framleiða gífurlegt magn veira á skömmum tíma. Smitist þessi veira loftið, þ.e. með andrúmsloftinu, er hættu á að hún komist í lofttræstibúnað búans og þaðan út í andrúmsloftið. Einangrun og smitvarnir halda ekki því sumar veiruteygundir geta borist tugi kílómetra með lofti og haldið smithæfi sínu.

Súnur kallast sjúkdómar sem smitast á milli manna og dýra. Uppruna margra sýkla sem valda matareitrunum hjá fólki má rekja til landbúnaðarafurða úr dýraríkinu. Oftast er smitvaldurinn til staðar strax í frumframleiðslunni, en svo kölluð krossmengun getur einnig átt sér stað annars staðar í framleiðsluferlinu, t.d. í kjötvinnslum.

Ýmsa sjúkdómsvalda er erfitt og jafnvel ómögulegt að útiloka sem áhættuþætti við framleiðslu matvæla. Þar má nefna camphylobakter, colismit og síðast en ekki síst matareitranir sem orsakast af salmonellusmiti. Þessir smitvaldar eru til staðar í dýrahjörðunum og umhverfi þeirra. Til þess að varna því, að þeir berist með landbúnaðarafurðum í fólk, setja yfirvöld reglugerðir um aðbúnað svínanna, fóður og fóðrun, flutning þeirra í sláturhús, hreinlæti við slátrun, pökkun o.s.frv. Til þess að þetta regluverk virki, þarf virkt eftirlit.

Síðastliðið ár hefur salmonellusmit í svínahjörðum stórauðist hérlandis sem er áhyggjuefni. Það má færa rök fyrir því, að rekja megi ástæður þess að vissu leyti til slakrar stöðu greinarinnar í dag. Afkoma er afar slæm um þessar mundir, sem veldur því að sparað er allsstaðar í ferlinu einnig þar sem það á ekki við. Þar má nefna þjónustu og ráðgjöf dýralæknis og nauðsynleg lyf. auk þess sem dæmi eru um að ekki sé fóðrað á réttan hátt.

Í stuttu máli er staðan þessi: Samfélagið krefst sífellt ódýrari landbúnaðarvara sem knýr bóndann til aukinnar hagræðingar í rekstri. Jafnframt eru gerðar kröfur um að framleiðslan fari eftir opinberu regluverki er varðar dýra- og umhverfisvernd, meðferð lyfja og hollustu afurða. Því miður hefur misjafnlega tekist að samrýma þessi sjónarmið og dæmi eru um að ákvæðum reglugerða sé ekki fylgt.

6. Svínarækt í sátt við umhverfið

Umhverfismál hafa verið fyrirferðarmikil í allri þjóðfélagsumræðu hérlandis sem erlendis um alllangt skeið. Ástæður þess eru vaxandi umhverfisvandamál af fjölbreytilegum toga sem flest tengjast athöfnum mannsins á einn eða annan hátt. Landbúnaður er þar engin undantekning.

Landbúnaður á Íslandi er dreifður og býr við mikið landrými og af þeim sökum eru vandamál tengd umhverfi, sérstaklega hvað varðar efnamengun, minni hér en í þéttbýlli löndum. Ákveðnir váboðar eru þó augljósir, einkum þegar um mjög stórar rekstrareiningar er að ræða, eins og þekkt í svínaræktinni.

Leggur starfshópurinn til að sem fyrst verði stefnt að því að svínaræktinni í landinu verði sett metnaðarfull markmið í umhverfismálum.

Fylgt verði á hverjum tíma í hvívetna ákvæðum laga og reglugerða um þennan málaflokk. Svínaræktin verði stunduð í sem mestri sátt við umhverfi sitt og taki mið af hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Með hliðsjón af þessu er það m.a. álit starfshópsins að líta beri á búfjáráburð sem til fellur við svínarækt sem verðmæti. Því skuli nota hann til áburðar í jarðrækt (landgræðslu, túnrækt, á beitilönd, skógrækt, garðrækt eða akuryrkju) eða á annan hátt sem nýtir efnainnihald og eiginleika skítsins.

Magn áburðar á flatareiningu lands skal ávallt vera skv. leiðbeiningum þar um og í samræmi við reglur, og dreifing hans skal fara fram skv. ákvæðum í starfsleyfum.

Í reglugerð 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, eru ákvæði um söfnun, geymslu og notkun áburðar.

Þar segir meðal annars:

„Losun úrgangs frá búfjárframleiðslu í yfirborðsvatn er óheimil.

Við gripahús, þ.m.t. loðdýra-, svína- og alifuglabú, skulu vera vandaðar og þéttar hauggeymslur. Stærð hauggeymslu þarf að miða við að hægt sé að nýta hauginn sem áburð á skynsamlegan hátt þegar jörðin getur tekið við honum eða taka a. m. k. sex mánaða haug.

Taka skal mið af starfsreglum um góða búskaparhætti, varðandi notkun búfjáráburðar. Magn búfjáráburðar sem dreift er skal taka mið af áburðargildi hans og áburðarþörf gróðurs. Á ógróíð land skal miða við venjulega túnskammta, sbr. starfsreglur um góða búskaparhætti.

Við það skal miðað að dreifing búfjáráburðar fari að jafnaði fram á tímabilinu 15. mars til 1. nóvember ár hvert og að jafnaði sé ekki dreift á frosna jörð.

Fyrirtækið geri grein fyrir því landrými sem til ráðstöfunar er til dreifingar búfjáráburðar og hvernig sé tryggður annar farvegur til förgunar ef landrými er ekki nægjanlegt fyrir áburðardreifingu þar sem tekið sé mið af starfsreglum um góða búskaparhætti hvað varðar áburðarmagn.

Með umsókn um starfsleyfi skal einnig skila inn upplýsingum þar sem gerð er grein fyrir magni köfnunarefnis í hverju tonni mykju, gróðurfari á mismunandi dreifingarlandi og upplýsingum um fyrirhugað magn áburðar sem dreifa á hvert svæði og annað sem máli kann að skipta í ákvörðun um magn til dreifingar”

Ákvæði reglugerðarinnar eru flest almenns eðlis og hafa ekki í öllum tilfellum komið til framkvæmda. Til að ná markmiðum reglugerðarinnar og til að auðvelda framkvæmd hennar er nauðsynlegt að gera ýmis ákvæði hennar skýrari og ítarlegri. Starfshópurinn bendir á að nákvæmar reglur gilda í Danmörku um skilyrði til búrekstrar m.t.t. umhverfisáhrifa og er lagt til að þær verði hafðar til hliðsjónar við endurskoðun reglugerðar 804/1999.

Samhliða þarf að endurskoða starfsreglur um góða búskaparhætti, sem vísað er til í reglugerðinni. Áður en starfsleyfi er veitt þurfa að liggja fyrir ítarlegar upplýsingar um umhverfisaðstæður þ.e. stærð og flokkun lands, ræktun (plöntuval) og nýtingu uppskeru. Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir er hægt að gera áætlun um áburðarþörf og hámarks áburðarnotkun og þar með reikna út hvort búrekstur uppfylli skilyrði um umhverfisáhrif. Þessir útreikningar skulu gerðir af sérfræðingi í jarðrækt.

Í dönsku reglunum er stærð búanna metin í fjölda „dýraeininga“ (DE) skv. töflu 1.

1. tafla. Fjöldi gripa á bakvið hverja hverja „dýraeiningu“ (DE).

	Eining	Fjöldi eining í einni „dýraeiningu“
Gyltur með grísi að 4 v aldri eða 7,3 kg	1	4,3
Smágrísir 7,3 - 32 kg	1 framleitt dýr	200
Sláturgrísir 32 - 107 kg	1 framleitt dýr	36

Skýringar:

Ásetningsgyltur teljast með slátursvínunum að 107 kg þyngd. Eftir það teljast þær með gyltum.

Við eftirfarandi þyngdamörk fyrir smágrísi og slátursvín skal leiðrétta á eftirfarandi hátt:

1. Undir 40 kg líkamsþyngd: 4.949 kg. vöxtur reiknast sem 1 DE

2. Á bilinu 40-87 kg: 2.910 kg. vöxtur reiknast sem 1 DE

3. Yfir 87 kg. líkamsþyngd: 2.000 kg. vöxtur reiknast sem 1 DE.

(Heimild: Vejledning om Gødsknings-og Harmoniregler)

Magn áburðarefna í svínaskít ræðst að mestu af efnainnihaldi fóðurs. Leitast skal við að efnasamsetning fóðurs sé í jafnvægi við þarfir gripa á hverju eldisskeiði. Sérstaklega skal þar hafa í huga styrk fosfórs, kopars og sinks. Leiðrétta þarf fyrir fóðrun sem er á einhvern hátt utan staðla (köfnunarefni og fosfór). Sem þumalputtaregla jafngildir 1DE rúmlega 100 kg. af köfnunarefni og við danskar aðstæður er algengt að þurfi um 0,7 ha fyrir hverja DE eða m.ö.o. að hægt sé að halda um 1,4 DE svína á hvern hektara lands (tafla 2).

2. tafla. Magn (kg/ári) og hlutfall (%) helstu áburðarefna eftir gripum og DE.

	Tonn	N kg (%)	P kg (%)	K kg (%)
Gylta með 26 unggrísum að 7,3 kg	3,85	25,8	5,23	9,78
Smágrísir 7,3 – 32 kg	0,102	0,55	0,13	0,30
Sláturgrísir 33 – 107 kg	0,46	3,02	0,50	1,31
1 DE gyltur (4,3 gyltur)	16,6	111 (6,69)	22 (1,36)	42 (2,54)
1 DE smágrísir (200 stk)	20,4	110 (5,39)	26 (1,27)	60 (2,94)
1 DE sláturgrísir (36 stk)	16,6	109 (6,57)	18 (1,09)	47 (2,85)

(Heimild: Nommtal 2009)

Þar sem ekki eru til nýlegar tölur um efnainnihald svínaskíts á Íslandi leggur starfshópurinn til að það verði liður í endurskoðun reglugerðar nr. 804/1999 og starfsreglna um góða búskaparhætti að farið verði í markvissa sýnatöku á nokkrum býlum og greind helstu áburðarefni og snefilefni.

7. Horft til framtíðar

Hvað eftir annað hefur verið bent á mikilvægi þess að Íslendingar geti verið sjálfum sér nógir hvað framleiðslu matvæla varðar. Þessi umræða hefur stóruð sýðustu misseri, ekki aðeins hér á Íslandi, heldur um allan heim sem kristallast í þeim markmiðum að þjóðir lifi við fæðuöryggi.

Sjaldan eða aldrei hefur þessi umræða orðið háværari hér á landi en í kjölfar efnahagshrunsins í lok ársins 2008. Jafnhliða þeirri umræðu þarf að meta stöðu íslensks landbúnaðar í ljósi þess að Alþingi ákvað á árinu 2009 að sækja um aðild að Evrópusambandinu (ESB).

Vitað er að núverandi samkeppnisstaða íslenskrar landbúnaðarframleiðslu mun breytast ef til þess kemur að Ísland verði aðildarland ESB. Hvernig sú staða breytist er vart hægt að fullyrða nokkuð um en íslenskir bændur hafa áhyggjur af að staða þeirra muni versna í samkeppni við óheftan aðgang annarra landa að íslenskum mörkuðum. Vitað er að landbúnaðarframleiðsla innan ESB ríkja nýtur margvíslegra styrkja, ekki síður óbeinna en beinna.

Svínabændur, sem aðrir búvöruframleiðendur, hafa áhyggjur af framtíðinni í þessum efnum. Stjórn Svínaræktarfélags Íslands sendi nefnd um þróun Evrópumála erindi þann 23. febrúar 2009, þar sem fram kemur að það sé mat SFÍ að ef Ísland gangi í ESB, muni innlend svínarækt, að óbreyttu leggjast af.

Hvað svo sem framtíðin kann að bera í skauti sér um inngöngu Íslands í ESB, er mikilsvert að auka hagkvæmni íslenskra svínabúa og að þau styðjist sem mest við innlend aðföng. Er það í samræmi við markmið um að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar.

Búa þarf íslenskri svínarækt sambærilegt starfsumhverfi og öðrum búgreinum sem ætlað er að sjá þjóðinni fyrir matvælum. Ljóst er að framleiðsla íslensks svínakjöts mun einvörðungu, eða því sem næst, hafa það markmið að uppfylla innlenda eftirspurn. Ekki er fyrirséð að gerlegt sé að keppa á heimsmarkaði í verði við framleiðendur sem búa við mun hagstæðari aðstæður til framleiðslu og markaðssetningar en gerast hér á landi. Þeir þættir sem einkum ráða þar um eru veðurfarsþættir og fjarlægð á markaði.

Íslenskir svínabændur njóta óverulegra styrkja úr landbúnaðarkerfinu, ef frá er skilinn stuðningur við kynbótastarfsemi, en vitað er að bændur í öðrum Evrópulöndum njóta margs háttads stuðnings, m.a. í formi búsetustyrkja og til kornræktar.

Stuðningur vegna kornræktar í Danmörku er um 2.200.- D.kr. á ha. sem er dæmigert fyrir stuðning innan Evrópusambandsins. Í Noregi er þessi styrkur breytilegur eftir landssvæðum (breiddargráðum) og greiddur bæði á flatareiningu lands, gyltur og grísi. Þá er í Noregi auk þess veittur styrkur vegna afleysingaþjónustu. Enn má bæta við að í Noregi er veittur styrkur til kornkaupenda sem getur numið mismuni á innlendu verði og heimsmarkaðsverði.

Ekki eru til neinir samningar milli svínabænda og ríkisvaldsins í svipuðum anda og í öðrum búgreinum t.d. sauðfjárrækt, mjólkurframleiðslu og garðyrkju. Einnig má benda á óformlega

samninga við skógarbændur. Starfshópurinn leggur til að ríkisvaldið og svínabændur geri með sér samning um stuðning, starfsskilyrði og samfélagslegar skyldur búgreinarinnar.

Þrátt fyrir að aðstaða og fagleg þekking í svínarækt sé fyrir hendi er fjárhagslegur grundvöllur greinarinnar ótryggur og dæmi eru um að rekstri búanna hafi verið haldið uppi á fölskum forsendum. Á undanförunum árum hefur það komið fyrir að bankar og aðrar lánastofnanir hafa gripið inn í rekstur svínabúa. Velta má því fyrir sér hvort það sé í samræmi við góða starfshætti fjármálafyrirtækja. Nauðsynlegt er að þetta sé tekið til skoðunar þegar verið er að meta samkeppnisaðstöðu íslenskra svínabænda.

Það er umhugsunarvert hvort ekki eigi með einhverjum hætti að stuðla að fjölgun smærri svínabúa og gera þannig svínarækt á Íslandi líkari öðrum greinum landbúnaðar þar sem fjölskyldurekstur er algengastur. Eftirlit með heilbrigði og aðbúnaði svína yrði mun öruggara og auðveldara hjá smærri einingum en þeim stóru. Bendir starfshópurinn á að í Noregi er stuðlað að því með stuðningi hins opinbera að hamla gegn mjög stórum búum.

Sóknarfæri íslenskra svínabænda liggja í því að nýta möguleika til innlendrar fóðuröflunar, tryggja hreinleika við framleiðsluna og hollar afurðir, jafnframt að tryggja velferð dýranna og að aðbúnaður og framleiðsla sé í sátt við umhverfið. Einn liður í því að tryggja öryggi afurða er að koma á upprunamerkingum svínakjöts. Neytendur vilja og eiga rétt á að vita sem mest um uppruna þeirrar vöru sem þeir kaupa.

Ekkert íslensk svínasláturhús hefur fengið löggildingu Evrópusambandsins. Lítið sem ekkert er því flutt út af svínakjöti og það sem flutt hefur verið út hefur farið á markaði í Asíu og Rússlandi þar sem kröfurnar eru slakari en hjá Evrópusambandinu. Mikilvægt er að minnsta kosti eitt sláturhús fái löggildingu Evrópusambandsins. Bendir nefndin á að frá og með 1. nóvember 2011 eiga öll sláturhús landsins að uppfylla reglur Evrópusambandsins samkvæmt lögum nr. 143/2009.

Talið er að hver gylta ásamt grísum gefi frá sér um 17 tonn af svínaskít á ári og með það í huga koma um 3.400 tonn frá 200 gyltum sem ætla má að geti verið hagkvæm stærð af fjölskyldubúi. Áætla má að til að taka á móti þessum svínaskít þurfi um 200 ha túns eða um 400 ha til byggæktar.

Með tilkomu kornræktar á Íslandi og þróun þeirrar framleiðslu bendir fátt til annars en að íslenskir svínabændur geti að verulegu leyti fódrað dýr sín á innlendu korni og þar sem aðstæður leyfa tekið virkan þátt í kornrækt. Jafnframt má auka notkun á íslenskri fitu og fiskimjöli. Ekki er óeðlilegt að greinin hafi það markmið að yfir 80% fódursins sé af innlendum uppruna. Þarf vart að fjölyrða um gildi þess en rétt að benda á gjaldeyrissparnað og fóðuröryggi.

8. Niðurstöður

1. Starfshópurinn telur að svínarækt á Íslandi eigi að vera rekin á sömu forsendum og aðrar greinar íslensks landbúnaðar. Við framleiðsluna skuli taka mið af fæðuöryggi þjóðarinnar og hollustu afurðanna ásamt samfélagslegum áhrifum búgreinarinnar hvað varðar verðmætasköpun, aukna atvinnu og í að treysta byggð.
2. Starfshópurinn leggur áherslu á að svínarækt og akuryrkja þróist samhliða með það að markmiði að stuðla að hagkvæmari kjötframleiðslu í landinu á grundvelli innlendarar fôðuröflunar og landnýtingar. Með því skapast augljós sóknarfæri sem skylt er að nýta eins og kostur er, ekki síst m.t.t. fæðuöryggis þjóðarinnar, gjaldeyrissparnaðar og nýtingu landgæða.
3. Starfshópurinn telur að hægt sé að stórefla hlutdeild byggs og þar með íslensks korns í fôðri svína.
4. Starfshópurinn telur að í ljósi þeirrar miklu hlutdeildar svínakjöts á innlendum markaði þurfi að hefja hagnýtar rannsóknir í svínarækt hérlandis ekki síst með það að markmiði að auka hlut innlendra hráefna í fôðri.
5. Starfshópurinn telur að setja þurfi svínaræktinni í landinu metnaðarfull markmið í umhverfismálum. Svínaskít skuli nota til áburðar í jarðrækt eða á annan hátt þar sem efnainnihald og eiginleikar skítsins eru nýttir.
6. Starfshópurinn telur brýnt að endurskoða reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnugreinum. Starfshópurinn bendir á að nákvæmar reglur gilda í Danmörku um skilyrði til búrekstrar m.t.t. umhverfisáhrifa og er lagt til að þær reglur verði hafðar til hliðsjónar við endurskoðun reglugerðarinnar.
7. Samhliða þarf að endurskoða starfsreglur um góða búskaparhætti, sem vísað er til í reglugerð nr. 804/1999.
8. Starfshópurinn leggur til, að reglugerð nr. 219/1991 um aðbúnað á svínabúum verði endurskoðuð með það að markmiði að bæta aðbúnað og velferð svínanna og tryggja heilbrigði þeirra. Í því sambandi er mikilvægt að allar leiðbeiningar og eftirlit opinberra aðila verði með þeim hætti að það vísi veginn til betri árangurs. Við endurskoðunina skal horft til þeirra breytinga sem eiga sér stað í þessum málum í Evrópu.
9. Starfshópurinn telur að útgáfa starfsleyfa og eftirlit eigi að vera á einni hendi.
10. Starfshópurinn varar við þeirri þróun að þjappa framleiðslu svínaræktarinnar svo mikið saman að hún fari að stærstum hluta fram á fáum stöðum. Í því sambandi vekur starfshópurinn athygli á þeirri hættu sem fólgin er í stórum rekstrareiningum, bæði m.t.t. öryggis vegna sjúkdómahættu og hugsanlegrar skaðabótaskyldu hins opinbera, t.d. ef til

niðurskurðar kemur af völdum A-sjúkdóma, sem skilgreindir eru í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

11. Starfshópurinn bendir á að full ástæða sé til að skoða verðmyndum lyfja sem nauðsynleg eru í svínakjötsframleiðslu. Verð á lyfjum er t.d. mun hærra hér en í Danmörku.
12. Starfshópurinn leggur til að gerður verði samningur milli svínabænda og hins opinbera. Í þeim samningi verði kveðið á um stuðning, starfsskilyrði og samfélagslegar skyldur búgreinarinnar og það umhverfi sem greininni er ætlað að búa við, almennt séð.
13. Starfshópurinn telur, að þrátt fyrir þá erfiðleika sem svínaræktin glímir við um þessar mundir, geti hún átt fyrir sér bjarta framtíð í landinu, sé rétt á málum haldið,- treyst byggð, eflt atvinnu og aukið á fæðuöryggi þjóðarinnar. Liður í að ná þeim markmiðum eru framangreindar tillögur starfshópsins.

Reykjavík 12. febrúar 2010

Björn Halldórsson formaður

Björn Steinbjörnsson

Guðbrandur Brynjúlfsson

Grétar Hrafn Harðarson

Hörður Harðarson